# Farsæld barna og hlutverk tengiliðar




Kynning á haustfundi 25. september 2024

# Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna

- Tóku gildi 1. janúar 2022
- Innleiðingarferli í gangi
- Markmið og tilgangur laganna:
  - Að stuðla að velferð barna og tryggja þeim aðgang að þjónustu sem þau þurfa á að halda og eiga rétt á, óháð kerfum eða stofnunum.
  - Að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa.
  - Að grípa snemma inn í svo hægt sé að koma í veg fyrir ýmiss konar erfiðleika síðar meir.

Myndband til frekari útskýringa:

https://www.farsaeldbarna.is/is/farsaeldarlogin

# Stigskipting þjónustu

https://www.farsaeldbarna.is/is/stigskipting-thjonustu

1. **stig - t.d. Grunnskóli og tengiliður**
- Grunnþjónusta
  - Nær yfir allan hópinn, felst t.d. Í fræðslu og forvarnastarfi.
- Fyrsta stigs þjónusta
  - Einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur þar sem markmiðið er að styðja við farsæld barns.
  - Stuðningur við börn sem glíma við vægan vanda og stuðningsaðgerðir sem koma í veg fyrir að vandinn aukist og vaxi.
  - Dæmi: þjónustuteymi í skóla.

2. **stig - Félagsþjónustan og málstjóri**
- Einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur en á fyrsta stigi.
- Þegar úrræði fyrsta stigs duga ekki til eða hafa ekki borið tilætlaðan árangur.

3. **stig - Barnavernd og málstjóri**
- Sérhæfðari stuðningur
- Börn með fjölþættan vanda

Markmið:

- Að sem flest börn fái viðeigandi þjónustu á 1. stigi og að þjónusta þess stigs sé það öflug að færri börn þurfi þá umfangsmiklu þjónustu sem á sér stað á 2 og 3. stigi.

# Tengiliður

- https://www.farsaeldbarna.is/is/tengilidur
- Starfsmaður í nærumhverfi barns sem hefur yfirsýn yfir þjónustukerfi sem í boði eru.
- Hlutverk:
  - Að ráðleggja foreldrum og börnum, aðstoða við að rata í gegnum kerfið og sækja þjónustu við hæfi.
  - Að meta þjónustuþörf, skipuleggja og fylgja eftir þjónustu á fyrsta stigi.
  - Að meta þörf á samþættri þjónustu í þágu farsældar barns.



# Tengiliður Grunnskóladeildar Þingeyjarskóla

- Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir - helga@thingskoli.is

Ferli

1. Forsjáraðili/kennari/þjónustuveitandi óskar eftir fundi með tengilið til að ræða málefni barns.
2. Á fundinum er farið yfir málefni barnsins

- Farið yfir fyrsta stigs úrræði sem í boði eru.
- Metin þörf fyrir samþættingu (á fyrsta stigi eða öðru stigi)
    - Ef já - fyllt út beiðni um samþættingu og tengiliður hefur samband við þá þjónustuaðila sem tengjast málefnum barnsins eða sendir beiðni til félagsþjónustu.
    - Ef nei - nýtt eru úrræði fyrsta stigs án samþættingar. Staðan endurmetin eftir ákveðinn tíma.

# Frekari upplýsingar

- Tengill á heimasíðu Þingeyjarskóla - farsæld barna.
- farsaeldbarna.is
- bofs.is